



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar).

### Samráð hófst

22. október 2020

### Samráð lauk

4. nóvember 2020

### Fjöldi umsagna

7

### Umsagnaraðilar

Alls bárust 7 umsagnir; frá sveitarfélögum og samtökum þeirra og hagsmunaðilum úr atvinnulífinu.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Frumvarpið var unnið í samvinnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Póst- og fjarskiptastofnunar og Byggðastofnunar. Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á tímabillinu 22. október – 2. nóvember 2020 og bárust sjö umsagnir.

Í umsögnum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagini Skagafirði og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er hvatt til tilfærslunnar. Samtök atvinnulífsins leggjast hins vegar í meginatriðum gegn frumvarpinu. Meðal atriða sem samtökin gagnrýna er að ekki liggi fyrir greining á fjárhagslegum og faglegum ávinningi sameiningarinnar, að ekki sé fjallað með skýrum hætti um þær stofnanabreytingar sem fara fram samhliða á sviði fjarskiptamála og að rétt sé að sameina Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið enda væri óþarf að hafa sértaekar samkeppnisreglur á sviði póst- og fjarskiptamála. Félag atvinnurekenda leggst einnig gegn breytingunni þar sem félagið telur að sérfræðiþekking og reynsla glatist, togstreita verði á hlutverkum Byggðastofnunar þar sem hún er ekki hlutlæg eftirlitsstofnun heldur framkvæmi pólitíkska stefnu stjórnvalda um uppbyggingu í þágu byggðar og að skörum sem hafi verið á hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins sem hafi verið leyst með samskiptareglum og samstarfi stofnananna. Breytingarnar munu leiða til þess að afmörkun valdsviðs hefjist upp á nýtt. Samtök verslunar og þjónustu leggja til að eftirlit með póstmálum færist yfir til Samkeppniseftirlitsins. Þá er að finna í umsögn samtakanna ýmsar efnislegar ábendingar um ákvæði frumvarpsins sem eru nú þegar gildandi lög.

Íslandspóstur ohf. gerir ekki athugasemd við tilfærsluna en gerir ýmsar efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins sem eru nú þegar gildandi lög.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Póst- og fjarskiptastofnun og Byggðastofnun hafa yfirfarið athugasemdir og þau sjónarmið sem fram komu í framangreindum umsögnum. Ekki var talin þörf á að gera efnislegar breytingar á þeim lagaákvæðum sem eru færð óbreytt úr lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, í lög um póstþjónustu, nr. 98/2019, þar sem athugasemdir umsagnaraðila byggja í flestum tilvikum annað hvort á misskilningi eða eru ekki til bóta. Hafa þarf í huga að markmið og tilgangur tilfærslunnar er að veita ráðuneytinu og Byggðastofnun færi á vinna að skilvirkari framkvæmd í málaflokknum og er því ekki talið rétt að breyta gildandi ákvæðum laga sem gilda um póstþjónustu á þessu stigi.

Í samskiptum Póst- og fjarskiptastofnunar og ráðuneytisins vegna vinnu við frumvarpið hefur komið fram að unnið sé eftir skýru verklagi varðandi eftirlit með samkeppni á sviði póstmála og þannig sé komið í veg fyrir tvíverknað í samskiptum stofnunarinnar og Samkeppniseftirlitsins. Ekkert ætti að koma í veg fyrir að það verklag geti haldist eftir breytinguna.

### Að loknu samráði

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi þann 16. febrúar 2021 og samþykkt 13. júní sama ár. Sjá nánar á vef Alþingis.